

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	07.06.19
Málalýðili	
Mál nr.	1906093

Garðabæ, 7.júní 2019

Til bæjarstjóra Garðabæjar
Gunnar Einarsson

Sæll Gunnar.

Samkvæmt hljóðmælingum vegna umferðarhávaða frá Hafnarfjarðarvegi búa íbúar Túnanna við verstu hjóðvist allar bæjarbúa í Garðabæ.


Þær aðgerðir sem gripið hefur verið til (græna girðingin) hafa ekki skilað tilætluðum árangri eins og vænst var til.

Við óskum því eftir upplýsingum um það hverjar frekari aðgerðir eru fyrirhugaðar af hálfu bæjarins til að verja íbúana gegn hávaða frá umferðinni.

Samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 724 frá 7. júlí 2008 segir að hljóðstig eigi ekki að fara yfir 50 dB (A) á kyrrlátu svæði og 55 dB við húsvegg. Samkvæmt áðurnefndum mælingum eru Túnin við Hafnarfjarðarveg ýmist á appelsínugulu svæði (60-65 dB) eða gulu (55-60 dB). Hvort tveggja er yfir mörkum.

Við óskum eftir skriflegu svari með upplýsingum um aðgerðir frá hendi bæjaris, sem fyrst.

Með þakklæti,



Alberta Tulinius

Goðatún 11



Axel Hrafn Helgason

Aratún 5